

# Meistararnám á Vestfirðum

Hluti af öfluggu íslensku  
háskólaumhverfi



**Háskóla-  
setur**  
**Vestfirðna**  
University Centre  
of the Westfjords

## Inngangur

Háskólasetur Vestfjarða var stofnað árið 2005 og var tilgangurinn m.a. að efla byggð og atvinnulíf á Vestfjörðum, að hækka menntunarstig á svæðinu og auka fjölbreytni í íslensku háskólasamfélagi. Háskólasetrið er sjálfseignarstofnun og starfar með öllum háskólum en þó sérstaklega með Háskólanum á Akureyri sem útskrifar nemendur þess úr meistaranámi. Í upphafi var töluverð áhersla lögð á fjarnám og frá 2007 á frumgreinanám og byrjuðu um 40 nemendur í því, enda var uppsöfnuð þörf á svæðinu. Nú er lítil eftirspurn eftir frumgreinanámi, en Háskólasetur Vestfjarða sinnir um 100 fjarnemum á hverju ári og mun fleiri nemendur koma með vettvangsskólum víðsvegar að og í sumarnámskeið. Það má þó segja að hjartað í starfseminni sé meistaranámið, en skráðir nemendur í því eru rúmlega 40 á hverjum tíma. Í dag eru verkefni Háskólaseturs því fjórþætt:

1. Meistaránám í haf- og strandsvæðastjórnun og sjávarhengdri nýsköpun
2. Aðstaða fyrir og aðstoð við fjarnámsnemendur í háskólanámi
3. Sumarnámskeið og þjónusta við vettvangsskóla af ýmsu tagi
4. Þjónusta við rannsóknarstofnanir og einstaklinga sem stunda rannsóknir

Í þessu minnisblaði er fjallað um meistaranámið sérstaklega. Í stuttu máli má segja að vel hafi tekist til með námsleiðina, og auðvelt hefur reynst að fá hæfa kennara og sterka nemendur í námið. Tekist hefur að byggja upp gæðanám sem stenst samanburð við það sem gerist best í þessum fræðum. Lítið brottfall er meðal nemenda, mikið safn af lokaritgerðum er nú til og er stór hluti þeirra um verkefni á Íslandi. Kostnaður við hvern nemanda er svipaður og hjá öðrum háskólum á Íslandi, en virkni þeirra er meiri. Ljóst er að staðsetningin er hluti af aðdráttaraflinu fyrir bæði kennara og nemendur og fæstir þeirra hefðu komið ef námsleiðin hefði verið t.d. í Reykjavík. Með þessari námsleið er því verið að nýta sérstöðu landsins til að efla háskólanám á Íslandi og laða að góða nemendur.

## Önnur hlíðstæð námsleið á teikniborðinu

Nú er önnur hlíðstæð námsleið því sem næst tilbúin í skúffunni: Námsleið í Sjávarbyggðafraeði. Stjórn Háskólaseturs hefur ákveðið að sótt verði um fullgildingu námsleiðarinnar til Háskólans á Akureyri í ljósi góðrar reynslu af núverandi samstarfi. Þá liggur tillagan að námsleiðinni einnig fyrir Vestfjarðanefndinni.

Ný námsleið hefur marga kosti í för með sér:

- Ráða þarf sérstakan fagstjóra fyrir námsleiðina, en það hefur í för með sér að fagstjórnir geta gengið í störf hvors annars og tryggt að verkum sé sinnt t.d. í forföllum annars þeirra.
- Kítiskur massi myndast meðal nemenda, fjöldinn vex og staðurinn verður áhugaverðari til að stunda nám á. Ætla má að nemendafjöldinn aukist um 30 á ári.
- Kítiskur massi vex innan rannsóknarumhverfisins á Vestfjörðum og rannsóknargeta svæðisins eflist.

Nú er tækifæri til að endurtaka fyrri árangur og styrkja um leið það sem fyrir er:

- Aðlaðandi nám, eftirsótt
- Gott samstarf við HA
- Gæðanám á landsvísu
- Hlekkur í íslensku háskólaumhverfi

## Hvers vegna meistaránám?

Við stofnun Háskólaseturs árið 2005 var markmiðið að staðbundið nám hæfist sem allra fyrst. Stjórn Háskólaseturs kannaði strax á fundi í desember 2005 fýsileika ýmissa útfærslna staðbundins náms á Vestfjörðum. Haustið 2008 hóf meistaránám í haf- og strandsvæðastjórnun göngu sína og haustið 2012 meistaránám í sjávertengdri nýsköpun.

Meistaránámið í haf- og strandsvæðastjórnun er vísindalegt meistaránám, 120 ECTS, með rúmlega 20 nemendur í hverjum árgangi. Meistaránámið í sjávertengdri nýsköpun er 90 ECTS hagnýtt meistaránám sér-sniðið fyrir Vestfirðinga og eru þar af leiðandi árlega aðeins 1-2 nemendur í því námi og mætti kalla þessa námsleið viðhengi við Haf- og strandsvæðastjórnun.

Íbúafjöldinn á Vestfjörðum er innan við 7.000 manns og á norðanverðum Vestfjörðum eru um 5.000 íbúar. Þar af leiðandi þarf alltaf að treysta á utanaðkomandi nemendur fyrir staðbundið nám. Mjög almennt nám, sem er aðgengilegt víða í stórum háskólum, mun ekki hafa aðdráttarafli en nám sem er mjög sérhæft þarf afar stórt markaðssvæði og kann Ísland því að vera of lítið.

**Nám á Vestfjörðum mun alltaf þurfa að treysta á aðkomu-nemendur og þarf því að vera aðlaðandi**

Það var mat Háskólaseturs á sínum tíma að nám á grunnstigi, sem er í fæstum tilfellum mjög sérhæft, myndi ekki hafa nægilegt aðdráttarafli og ekki laða að nægilega marga nemendur. Erfitt væri að halda uppi gæðum til langs tíma, sem og eðlilegu hlutfalli milli kostnaðar og fjölda útskrifaðra nemenda. Nám á meistarastigi er töluvert sérhæfðara. Til að tryggja nægan fjölda nemenda í sérhæfðu námi var ákveðið að kenna námið á ensku. Við það að kenna nám á ensku er markaðssvæðið orðið heimurinn allur og samkeppni samkvæmt því. Strax á fyrsta námsári voru t.d. innritaðir nemendur frá bæði Harvard og Yale. Burtséð frá innihaldi námsins er mikilvægast að námið standi undir gæðakröfum og nýtist nemendum að því loknu.

Háskólasetur Vestfjarða ákvað því frá byrjun að leggja áherslu á gæði og alþjóðlega samkeppni. Þar af leiðandi er Háskólasetur Vestfjarða orðið ein alþjóðlegasta stofnunin á háskólastigi á Íslandi en er jafnframt ein af svæðismiðuðustu stofnunum landsins.

Ljóst er að það var rétt ákvörðun að leggja áherslu á meistaránám í haf- og strandsvæðastjórnun því námsleiðin er orðin eftirsótt meðal sterkra nemenda víðs vegar að úr heiminum sem og kennara.

## Fjöldi nemenda, uppruni og virkni

Í átta árgöngum, á árunum 2008-2015, hafa samtals verið innritaðir 150 nemendur. Ef fyrsti árgangur, sem var óvenju lítill, er frádráttinn, hafa að jafnaði verið rúmlega 20 nemendur skráðir í námið á ári. Fjöldinn hefur heldur aukist með árunum og er von á metaðsókn haustið 2016.

CDN	43	28,7%	brottfall: 0
USA	23	15,3%	brottfall: 0
GB/IRL	17	11,3%	brottfall: 0
önnur Evrópulönd	54	36,0%	brottfall: 1
Ísland	6	4,0%	brottfall: 1
önnur lönd	7	4,7%	brottfall: 4

Í gegnum árin hafa nemendur aðallega verið frá Norður-Ameríku og Evrópu. Hlutfall ensku-mælandi nemenda er hátt. Það er ávísun á gæði að rúmlega helmingurinn hefur kennslutungumálið að móðurmáli og tungumálaörðugleikar hjá nemendum því ekki teljandi vanda-mál. Háskólasetrið setti upp ritver til að styðja

við þá nemendur, sem ekki hafa ensku að móðurmáli, á undan öðrum stofnunum á háskólastigi á Íslandi

Það að Háskólasetur Vestfjarða skuli ná til nemenda frá Norður Ameríku og Evrópu hefur vakið athygli meðal erlendra samstarfsskóla, sem þurfa oft og tíðum að reiða sig á nemendur frá öðrum heimsálfum, en reynsla Háskólaseturs er að nemendur frá fjarlægari löndum krefjast meiri athygli og brottfall í þeim hópi er mest.

## Góðir nemendur koma vegna þess að námið er á Vestfjörðum

	2014	2015
fjöldi umsókna	64	68
fjöldi þeirra sem hefur verið boðin skólavist	37	39
fjöldi þeirra, sem þáðu skólavist	19	23
prósenta þeirra, sem þáðu skólavist (conversion rate)	50%	60%

Heildarfjöldi tækra umsókna hefur hækkað ár frá ári og hefur Háskólasetrið nú vorið 2016 í fyrsta skiptið gripið til þess ráðs að setja hluta umsækjenda á biðlista, enda hefur hlutfall þeirra sem þiggja boð um skólavist, sem hefur lengst af legið við 50%, hækkað á síðustu árunum og nálgast tvo þriðju hluta. Það sýnir að Háskólasetrið er í hugum umsækjenda ekki neyðarlausn, heldur í vaxandi mæli fyrsta val, sem er ánægjulegt. Meðaleinkunn nemenda sem fengu skólavist vorið 2016 er 8,0.

Þorri erlendu nemendanna við haf- og strandsvæðastjórnun taldi að þeir hefðu ekki komið í þetta nám, ef það hefði verið í boði í Reykjavík samkvæmt könnun sem gerð var fyrir nokkrum árum. Erlendu nemendurnir koma margir hverjir einmitt vegna staðsetningar námsins utan höfuðborgarsvæðisins, enda telja margir þeirra nám á þessum stað í þessum fræðum vera eins og tveggja ára vettvangsskóli.

## Virgni og brottfall

Af ofantöldu yfirliti er sömuleiðis áberandi, hvað brottfall hefur verið lítið. Ein ástæða fyrir lágu hlutfalli brottfalls er vissulega sú að námið er ungt og nokkrir nemendur hafa enn frest til að klára og eru þar af leiðandi ekki skráðir brottfallsnemendur. Þótt brottfallstalan hækki eitthvað af þeirri ástæðu á næstu árum, er hún samt sem áður áberandi lág og með því lægsta sem þekktist á landinu. Ástæður eru margvíslegar. Nemendahópurinn er yngri en almennt gerist í meistaránámi í íslenskum háskólum, fáir eiga fjölskyldu/börn á framfæri eða stunda önnur störf með námi, allir eru komnir á nýjan stað, hópamyndun er sterk og hvatning til að klára með hópnum. 85% nemenda hafa klárað námið og 66% hafa klárað á settum tíma, sem er tvö ár. Ein af megin ástæðunum fyrir góðri framvindu eða virgni og lágum brottfallstölum er þó sú að fagstjóri heldur vel utan um nemendurna á meðan þeir eru að skrifa lokaritgerðir. Á þeim tíma er vel fylgst með samskiptum leiðbeinenda og nemenda og gripið inn ef þörf þykir vera á.

Háskólasetur Vestfjarða hefur langt á undan opinberum háskólum á Íslandi samið við similarity checker-forrit, sem aðstoðar kennara og stjórnsýslu við að finna ritstuld. Frá 2010 hafa allar ritgerðir, líka minniháttar verkefni í einstökum námskeiðum, verið keyrð í gegnum þessi forrit. Öfugt við flesta háskóla missir nemandi, sem er staðin að ritstuldi af ásetningi, rétt til náms við fyrstu tilraun, enda nemendurnir láttnir taka próf í byrjun náms og undirrita að þeir viti hvað ritstuldur er og að þeir eru meðvitaðir um brottrekstrarákvæðið.

## Húsnæðismarkaðurinn tekur við nemendum

Leigusalar á Ísafirði tóku snemma eftir nýrri eftirspurn vegna nemenda hjá Háskólasetri og hafa lagað sig að því. Árlega er þörf fyrir 20-25 herbergi, en þegar þátttakendur í stökum námskeiðum, nemendur í verknámi og rannsóknaraðilar eru taldir með hækkar þessi tala enn frekar. Þó að útlit sé fyrir að árgangurinn 2016 verði stór og þó að þess gæti að ferðaþjónustan taki fleiri og fleiri herbergi til sín, sérstaklega á sumarönn sem stendur fram að mánaðarmótum júní/júlí, hafa húsnæðismálin verið leyst farsælega og stefnir í að svo verði áfram.

## Bókasafnið lítið en sérhæft og í samskrá íslenskra bókasafna

Nemendur hafa aðgang að allri bókasafnsþjónustu hjá Háskólanum á Akureyri og á Landsbókasafni eins og nemendur allra háskóla. Þar að auki hefur Háskólasetrið á síðustu árum byggt upp lítið en mjög sérhæft safn sem samanstendur af almennustu kennslubókum sem og sérhæfðum ritum í haf- og strandsvæðastjórnun sem ekki eru til annars staðar á landinu. Auk þess er þar að finna ýmsar aðrar fræðibækur, handbækur, kennslubækur og fleira. Háskólasetur Vestfjarða býr að því að vera með verkefnastjóra sem er bókasafnsfræðimenntaður. Safnkostur Háskólaseturs er skráður í samskrá íslenskra bókasafna Gegni og er þar af leiðandi aðgengilegur á netinu og þjónustar því þetta bókasafn allt landið, þrátt fyrir smæð sína. Millisafnalán til fræðimanna og háskólanemenda alls staðar að á landinu hafa farið vaxandi.

## Pátttakendur í stökum námskeiðum verulegur þáttur starfseminnar

Þar sem námið er allt kennt í lotum, oftast tvær eða þrjár vikur í senn, eru einstök námskeið aðgengileg nemendum úr háskólum landsins og erlendis frá sem og þátttakendum úr atvinnulífi. Gestanemendur koma ýmist í eitt námskeið t.d. í tvær vikur, eða í fjölda námskeiða, svo úr verður heil önn. Fjöldi nemendavikna í einstökum námskeiðum hafa frá byrjun verið að jafnaði 63 á námsári, sem þýðir að ofan á fjölda reglulegra nemenda (20,3) þarf að bæta 1,2 þátttakanda að jafnaði í einstökum námskeiðum, samtals 21,5 nemendur að jafnaði. Auk þess dvöldu að jafnaði 5 nemar á öðru ári við Háskólasetrið til að skrifa ritgerðina sína og hefur því heildarfjöldi meistaranemenda sem dvelja að jafnaði hjá Háskólasetri allt árið verið 26,5. Þá eru ótaldir nemendur í verkmenntun, Sjávarútvegsskóla háskóla Sameinuðu þjóðanna, vettvangsskólum og sumarnámskeiðum, samtals aukalega um 150-200 manns árlega í nokkrar vikur.

## Sérhæfðir kennarar sem koma aftur og aftur og mikið tengslanet

Allir kennarar í meistaranáminu í haf- og strandsvæðastjórnun eru stundakennarar. Það er áskorun að keyra heila námsleið eingöngu með stundakennurum, enda þarf að tryggja sambærilegar kröfur og sambærileg gæði milli námskeiða og milli árganga. Þess vegna þarf að setja skýrar leiðbeiningar og fylgja þeim vel eftir. Kennarar hjá Háskólasetri, sem hafa líka verið stundakennarar í ýmsum íslenskum háskólum, tala um að hvergi annarsstaðar hafi þeir fengið jafn skýrar og haldgóðar leiðbeiningar um hvað á að gera og hvað ekki. Stærsti kosturinn við að keyra námsleið með stundakennurum er þó að geta samið við sérfræðinga á hverju sviði, sem er sérlega mikilvægt þegar um þverfaglegt nám er að ræða.

**15 kennarar standa fyrir 44,6% kennslu/leiðbeininga lokaritgerða  
54 kennarar, um helmingur, standa fyrir 80,6% kennslu/leiðbeininga  
109 kennarar hafa samtals komið að kennslu/leiðbeiningu ritgerða**

skv. kenndum og leiðbeindum ECTS árunna 2008-2016, þar sem vægi leiðbeininga er 10% (45 ECTS-ritgerð telur 4,5, enda leiðbeinendur minna áberandi í daglegu starfi Háskólaseturs en kennarar)

Það er þó alls ekki þannig að sífellt séu að koma nýir kennarar. Á þeim átta árum sem námið hefur verið kennt hefur skapast fastur hópur kennara, sem koma aftur og aftur að kennslu sem og að leiðbeiningu lokaritgerða og auðveldar það mjög utanumhald um kennaraskarann.

Aðeins fimmtán kennarar hafa kennt tæplega helming allrar kennslu námsleiðarinnar. Á sama tíma sýnir yfirlitið líka að Háskólasetrið hefur aðgang að fjölda sérfræðinga um allan heim.

Þessir kennarar eru í ýmiss konar samstarfi við kollega sína á Vestfjörðum og koma inn í samfélagið með þekkingu, sem væri annars fjarlægari og erfiðara að ná í. Háskólasetur Vestfjarða hefur sett sér það markmið að skapa fyrir hvern einasta kennara að minnsta kosti einn snertiflöt við vestfirskt atvinnulíf eða rannsóknarumhverfi. Kennarar Háskólaseturs hafa til dæmis verið ráðgjafar varðandi fræðilegan bakgrunn tilraunaverkefnis um Nýtingaráætlun strandsvæða, eða strandsvæðaskipulag, sem er nú að ryðja sér til rúms. Með þessu byggist upp víðtækt tengslanet sem nýtist til lengri tíma í atvinnuuppbyggingu og þekkingaröflun og verður vonandi til þess að Vestfirðir, sem eru afskekktir landfræðilega, verði ekki afskekktir í þekkingarsamfélagi framtíðar.

Kennarar og leiðbeinendur hafa hrósað bæði nemendahópnum og lokaritgerðaferlinum sem metnaðarfullum og faglegum. Hin síðari ár hafa kennarar í vaxandi mæli kynnt meistaranámið meðal nemenda sinna í grunnnámi sem sýnir að þeir telja námið þess virði að auglýsa það. Það hefur ekki verið erfitt að manna kennslu og leiðbeiningu eftir að námið festi sig í sessi.

## Kennarar með mikla menntun

**40% kennara eru íslenskir, þar á meðal 12% vestfirskir  
26,8% kennara koma frá Norður Ameríku  
7,4% kennara eru frá Bretlandseyjum  
13,5% kennara koma frá öðrum Evrópulöndum  
12,3% kennara koma frá öðrum löndum eða blönduðu bakgrunni**

skv. kenndum og leiðbeindum ECTS árunna 2008-2016, þar sem vægi leiðbeininga er 10% (45 ECTS-ritgerð telur 4,5, enda leiðbeinendur minna áberandi í daglegu starfi Háskólaseturs en kennarar)

63,1% kenndra ECTS eru kennd/leiðbeind af kennurum með doktorsgráðu (leiðbeiningar hafa í þessu samanburði vægi 10%). Þar fyrir utan eru 8,9% í doktorsnámi, samtals eru því 72,0% kennara með doktorspróf eða í doktorsnámi.

Þegar horft er til þeirra 15 kennara sem komið hafa að mestri kennslu og leiðbeiningum yfir árin, þá eru 71,4%

ECTS kennd/leiðbeind af kennurum með doktorsgráðu og 4,9% ECTS af kennara í doktorsnámi, samanlagt 76,3%.

## Tæp 12% kennara frá Vestfjörðum

Athygli vekur að þrátt fyrir smæð vestfirska rannsóknarumhverfis koma 11,6% kennara/leiðbeinenda frá Vestfjörðum og fer hlutfallið hækkandi. Háskólasetur Vestfjarða vinnur því náið með bæði vestfirsku og íslensku háskólaumhverfi og styður þetta samstarf líka rannsóknarumhverfið á Vestfjörðum.

## Samvinna við stofnanir á Vestfjörðum og á Íslandi

Upptalning samvinnu við stofnanir á Vestfjörðum og á Íslandi getur ekki orðið tæmandi, enda byggir allt starf Háskólaseturs á samstarfi. Enginn rannsóknaraðili vinnur hjá Háskólasetri og því er unnið náið með rannsóknaraðilum á Vestfjörðum, en líka um allt land.

Háskólasetur og Hafró á Ísafirði fengu í nokkur ár auka fjármagn fyrir einn sameiginlegan starfsmann, en samningurinn var þannig útfærður að Háskólasetrið gat gengið að hvaða starfsmanni sem var – ef um samdist – fyrir 25%-stöðugildi á ári, sem nýttist í leiðbeiningar og kennslu og ýmislegt annað. Þessi styrkur var hvalreki og mætti vera framhald á honum. Háskólasetrið er í sambandi við Rannsóknarsetur HÍ í gegnum fjölda nemenda, bæði hafa tugir nemenda í gegnum árin fengið aðgang að sumarnámskeiðinu Marine Mammals hjá Rannsóknarsetrinu á Húsavík, og svo hafa nemendur hvað eftir annað valið sér viðfangsefni í samvinnu við rannsóknarsetur HÍ í Bolungarvík. Sama gildir um Náttúrustofu Vestfjarða, enda bætur starfsemi þessara tveggja stofnana og Háskólaseturs hverja aðra upp og er lítil sem engin skörun þeirra á milli. Nokkrir námsmenn hafa valið sér viðfangsefni á sviði fiskeldis og unnið að verkefninu í nánun og góðu samstarfi við fiskeldisfyrirtækin á sunnanverðum og norðanverðum Vestfjörðum. Aðrir hafa tekið fyrir strandferðamennsku og það er vonandi að verkefni um möguleika og takmarkanir skemmtiferðaskipa, sjóstangaferðamennsku, kafaraferðamennsku og siglingaferðamennsku verði til þess að sveitarfélögin og atvinnulífið séu betur undirbúin undir það sem kann að koma en ella hefði verið. Á síðari árum hefur fæst í vöxt að nemendur sækja í verkmenntun enda er það hluti af námi þeirra. Háskólasetrið getur þá í flestum tilfellum vísað á aðra, en er samt oft fyrsti aðilinn, sem nemendur leita til. Háskólasetrið styður við stofnanir ef þess er óskað, t.d. með samningsgerð og utanumhald, svo nemendur og rannsóknarmenn geti einbeitt sér að sínum verkefnum. Þannig nemendur, sem koma t.d. til Snjóflóðaseturs Veðurstofu, passa mjög vel með nemendum í Haf- og strandsvæðastjórnun og hefðu hugsanlega ekki komið, ef þeir væru félagslega einangraðir.

Samvinna við fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga á Vestfjörðum og á landinu öllu skiptir Háskólasetrið miklu máli og það segir sig sjálf að stofnun með eingöngu 5,5 stöðugildi getur ekki áorkað því sem hún gerir nema í góðri samvinnu við fyrirtækja-, stofnana- og rannsóknarumhverfið. Það er von og trú Háskólaseturs að þetta samstarf styrki ekki eingöngu Háskólasetrið, heldur líka viðkomandi stofnanir hverju sinni, sem fá til sín áhuga-sama nemendur og hafa oftast en einu sinni ráðið f.v. nemendur í vinnu eða í verkefni.

## Lokaritgerðir aðgengilegar

Skv. reglum um meistaránámið í haf- og strandsvæðastjórnun þurfa lokaritgerðir að vera aðgengilegar á einn eða annan hátt, annaðhvort í formi bóka eða birtra ritgerða, eða á vefsíðunni skemman.is. Þó má loka aðgangi að ritgerðum á Skemmuni, meðan verið er að vinna að annarri birtingu. Með þessu á að koma í veg fyrir að nemendur og/eða leiðbeinendur – og stofnun – geti gert lélegar lokaritgerðir "ósýnilegar". Þetta veitir aðhald og er mikilvægur liður í gæðastjórnun.

## Lokaritgerðir nemenda vega þungt

Einn mælikvarði á virkni nemenda er fjöldi skráðra lokaritgerða á skemman.is. Þar eru (vorið 2016) komnar 77 ritgerðir undir leitarorðinu *haf- og strandsvæðastjórnun* og eru allar eftir nemendur hjá Háskólasetri en von er á að fjöldinn nái 100 haustið 2016.

Pegar borið er t.d. saman við meistaránám í umhverfis- og auðlindastjórnun við HÍ, þverfaglegt meistaránám kennt á ensku frá 2005, er þar (vorið 2016) að finna mjög svipaðan fjölda, samtals 80 ritgerðir.

Háskólinn á Hólum hefur skráð 9 meistararitgerðir í Skemmuna og LBHÍ 60. Virkni nemenda í einni námsleið hjá Háskólasetri Vestfjarða stenst því fyllilega samanburð við sambærilega námsleið hjá HÍ sem og við meistaránám í minnstu háskólum landsins. Þessar 77 skráðu ritgerðir frá Háskólasetrinu eru þar að auki tæp 40% af þeim 195 ritgerðum, sem eru skráðar á vegum viðskipta- og raunvísindadeildar HA og vegur því náið hjá Háskólasetri Vestfjarða þungt sem hluti meistaránáms HA.

## Fjöldi ritgerða um vestfirsk/íslensk viðfangsefni, þekkingaryfirfærsla

	fjöldi	prósent
Ritgerðir um vestfirsk viðfangsefni	28	36%
Ritgerðir um íslensk viðfangsefni	18	23%
Ritgerðir um önnur viðfangsefni	32	41%

Fjöldi ritgerða, samtals hátt í 60%, hafa verið skrifaðar um vestfirsk eða íslensk efni. Einn stundakennara hjá Háskólasetrinu, Mike Phillips, prófessor og sviðsforseti við Swansea Metropolitan University í Wales, komst þannig að orði að það yrði afar kostnaðarsamt ef kaupa þyrfti allar þær rannsóknir sem liggja til grundvallar ritgerðunum. Hafa ber í huga að fjöldi meistararitgerða á vegum Háskólasetursins mun nálgast annað hundraðið á þessu ári.

Þótt allar ritgerðir eigi að vera aðgengilegar öllum sem vilja, kann lestur lokaritgerða að verða nokkuð tyrfinn. Auk þess eru all flestar ritgerðanna skrifaðar á ensku. Til að bæta þekkingaryfirfærslu frá Háskólasetrinu til samfélagsins er nú ráðist í það verkefni að gera valdar ritgerðir enn aðgengilegri. Byrjað er á þeim sem eru taldar eiga erindi við atvinnulíf og almennig á Vestfjörðum eða eftir atvikum á landsvísu. Í þessu sambandi hafa verið útbúnar stuttar og aðgengilegar samantektir á íslensku og þær sendar til þeirra sem hugsanlega tengjast efninu eða geta nýtt sér það.

## Hvað verður um nemendur?

Meistaránám í haf- og strandsvæðastjórnun undirbýr nemendur undir að stjórna ákvarðanatöku sem snertir auðlindanotkun hafs og stranda. Fjöldi nemenda í við-eigandi stjórnunarstöðum er því kannski betri mælikvarði á árangur nemenda eftir nám en margt annað. Fjöldi nemenda hefur komist í áhugaverðar og viðeigandi stöður eftir námið, þrátt fyrir að námið sé ennþá ungt og að útskrifaðir nemendur séu enn að hasla sér völl á vinnumarkaði.

Það sem ekki sást fyrir og hefur vakið athygli er að 10% útskriftarnema úr meistaránámi í Haf- og strandsvæðastjórnun hafa verið teknir inn í erlenda háskóla sem doktorsnemar og er einn þeirra að leggja lokahönd á doktorsritgerð sína, raunar á Ísafirði.

**10% útskrifaðra nemenda hafa verið teknir inn í erlenda háskóla sem doktorsnemar.**

## Innritunargjald/skólagjöld

Háskólasetur er sjálfseignarstofnun. Námsleiðin í haf- og strandsvæðastjórnun er hins vegar viðurkennd/akkrediteruð af Háskólanum á Akureyri, sem er opinber háskóli. Innritunargjald í opinbera háskóla hefur hækkað síðustu árin úr 45.000 kr. á ári í 75.000 kr. á ári. Háskólasetrið hefur sömuleiðis hækkað gjöldin í skrefum á síðustu árum. Nú greiða nemendur frá EES-löndum, þar með talið íslenskir nemendur, tvöfalt innritunargjald á ári, 150.000 kr. Nemendur utan EES greiða fjórfalt innritunargjald á ári, 300.000 kr.

**Útan-EES-nemandi greiðir fjórfalt innritunargjald, eða 600.000 kr. fyrir allt námið.**

Samkvæmt samningi við HA greiðir Háskólasetrið fyrir almenna grunnþjónustu til HA sem nemur einu innritunargjaldi per nemanda á ári, nú 75.000 kr., en aukalega allan greinanlegan kostnað HA vegna námsleiðarinnar.

Námið er 120 ECTS kennt á tveim árum, þannig að íslenskur/EES-nemandi sem fer í gegnum námið á tveim árum greiðir 300.000 fyrir allt námið og af því fara 150.000 til HA, meðan utan-EES-nemandi greiðir 600.000 kr. fyrir allt námið, en af því fara sömuleiðis 150.000 kr. til HA.

Tekjur af nemendunum eru því töluverðar, en Háskólasetrið telur sig ekki geta varið frekari hækkunir að sinni.



## Kostnaður per nemanda

Háskólasetri Vestfjarða var á sínum tíma úthlutað 20 m.kr. árlega fyrir þessa námsleið. Með verðbótum má ætla að þetta framlag sé nú komið í 25 m.kr. Auk þess gerir fjárhagsáætlun 2016 ráð fyrir tekjum upp á 9 m.kr. vegna innritunargjalda/skólagjalda.

Útgjöld vegna námsleiðarinnar eru skv. áætlun 20,7 m.kr. auk 3 m.kr. innritunargjalda til HA. Þá er ótalin sá vinnutími einstakra starfsmanna sem tengist

Skólagjöld dekka  
20% kostnaðar  
námsins.

meistaránámi, en einn starfsmaður, fagstjóri, vinnur eingöngu fyrir námsleiðina, meðan kennslustjóri, forstöðumaður og verkefnastjórar helga námsleiðinni hluta vinnutíma síns. Ætla má að um 20 m.kr. af launum og launatengdum gjöldum megi skrá á meistaranámið, en þessi stöðugildi voru á sínum tíma veitt til uppbyggingar háskólastarfs á Vestfjörðum almennt. 9 m. tekjum af skólagjöldum kemur á móti kostnaði upp á áætlaðar 43,7 m.kr. Hreinn kostnaður per nemanda að frádregnum skjólagjöldum er því 0,86 m.kr. á ári.

Kostnaður per  
nemanda er  
um 0,86 m.kr.  
á ári.

## Aðrar tekjur af námsmönnum

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða greindi árið 2010 hagræn áhrif af starfsemi Háskólasets Vestfjarða á vestfirskt hagkerfi. Það voru aðallega tvær niðurstöður, sem vöktu athygli og sem standa enn þann dag í dag: í fyrsta lagi, að fyrir hverja krónu sem hið opinbera setur í Háskólasetrið, renna tvær til baka í vestfirskt hagkerfi. Í öðru lagi, að stærstur hluti er til komin vegna framfærslu aðkomunemenda í meistaranámi í Haf- og strandsvæðastjórnun, enda hafa þeir sína mánaðarlegu framfærslu. Ætla má að sú byggðaaðgerð sé vandfundin sem myndi hafa jafn jákvæð áhrif á ásýnd, sjálfsmynd og hagkerfi landshluta fyrir jafn litla fjármuni.

## Námið hjartað í starfsemi Háskólasets

Námið í Haf- og strandsvæðastjórnun er sannarlega kjarninn í starfsemi Háskólasets. Námið hefur skýran fókus og örvar aðra starfsemi. Námið laðar að sér fjölda kennara og rannsóknarmanna, sem halda gestafyrirlestra fyrir almenning og eru til taks fyrir fyrirtæki og stofnanir. Með náminu myndast háskólasamfélag sem gerir meira að segja aðstöðu fyrir fjarnemana áhugaverðara. Námið hefur aðdráttarafl fyrir aðra starfsemi, eins og t.d. þjónustu fyrir vettvangsskóla, en Háskólasetrið hefur í gegnum tíðina þjónustað árlega 3-4 vettvangsskóla. Haustið 2016 mun School for International Training (SIT), Háskóli í Vermont, sem hefur komið í fjöldamörg ár með sumarnámskeið vestur, koma á fót vetrarþrógrammi bæði á haustmisseri og á vormisseri og hefur til þess ráðið fagstjóra á Ísafirði og mun einnig ráða aðstoðarmann. Háskólasetur er samstarfsaðili SIT og selur þjónustu, kennslustofur og aðra aðstöð. Þetta vetrarnám, sem er algjörlega kostað að utan, hefði ekki komið vestur á Ísafjörð nema að annað nám væri þar fyrir og er því námsleiðin í Haf- og strandsvæðastjórnun í þessu sem og í mörgu öðru beinlínis forsenda fyrir því að aðrir tengja sig við Háskólasetrið. Háskólasetur Vestfjarða hefur tengt ráðstefnur og málþing, sem færa Vestfirðingum fræðin heim í túnfótinn, við meistaranámið og styður þessi starfsemi hvort annað. Margt af þessu eru hliðarafurðir meistaranáms, sem væru ekki til eða töluvert flóknari og dýrari, ef námið væri ekki til staðar. Dæmi eru einnig um að nemendur úr vettvangsskólum hafi skilað sér í námið í haf- og strandsvæðastjórnun.

Nú hafa 150 nemendur verið skráðir í námið frá upphafi. Þeir munu fara út í heiminn og mynda sterkt tengslanet við Ísland og hefur reynslan sýnt að tengslanet sem byggist upp á námsárum er líklegt til að halda alla ævina. Með þessu skapast Íslandi velvild sem varir lengi og mun á ófyrirséðan hátt nýtast Íslandi og Vestfjörðum í framtíðinni.

## Samantekt

Meistaránám hjá Háskólasetri Vestfjarða í haf- og strandsvæðastjórnun er gæðanám sem stenst samanburð við bæði erlendar og innlendar námsleiðir af sambærilegum toga. Vel hefur gengið að fá góða nemendur í námið, sem eru með háar einkunnir úr sínu grunnnámi. Nemendahópurinn sem tekinn er inn að hausti hefur verið nálægt 20 manns, en fer vaxandi og er hann valinn úr stórum hópi umsækjenda. Hópurinn vinnur þétt saman í náminu og myndar venjulega sterk bönd. Námsmennirnir skila miklu út í samfélagið, bæði efnahagslega og félagslega. Þeir eru á þeim aldri (20-25 ára) sem vantar inn í samfélagið á svæðinu, taka virkan þátt í félagslífi svo sem starfi íþróttafélaga og kóra og eru duglegir að halda ýmsa viðburði þar sem heimamönnum er boðið.

Lítið brottfall er meðal nemenda, mikið safn af lokaritgerðum er nú til og er stór hluti þeirra um verkefni á Íslandi. Hver nemandi kostar svipað og hjá öðrum háskólum á Íslandi, en virkni þeirra er meiri.

Ljóst er að fæstir þessara nemenda hefðu sótt um sambærilegt nám í Reykjavík, enda er staðsetningin hluti af aðráttaraflinu. Unnið er með fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu á ýmsan hátt.

Kennarar í meistaránáminu eru betur menntaðir en gengur og gerist hjá íslenskum háskólum og í sumum tilfellum er um að ræða helstu sérfræðinga heimsins á ákveðnum sviðum. Kennararnir eru tilbúnir að koma til Ísafjarðar og kenna fyrir hlutfallslega lág laun vegna þess að þeim þykir spennandi að koma til Ísafjarðar í nokkrar vikur og kenna sterkum og áhugasömum nemendahópi í umhverfi sem hæfir náminu. Einnig er þetta jákvætt fyrir reynslubankann og ferilskrána. Margir kennaranna koma aftur og aftur.

Kennurum finnst nemendahópurinn í meistaránáminu að jafnaði mjög sterkur og hafa íslenskir kennarar sem kennt hafa í háskólum á Íslandi nefnt að þeir hafi aldrei kynnst jafn áhugasömum, virkum og sterkum nemendahópum og eru í haf- og strandsvæðastjórnun.

Hér hafa verið færð rök fyrir því að meistaránám við Háskólasetur Vestfjarða styrki ekki einungis Vestfirði heldur háskólaumhverfið á Íslandi í heild með því að bjóða upp á gæðanám fyrir sterka nemendur. Vilji stjórnvöld efla háskólanám á Íslandi og laða til sín góða nemendur víðs vegar að, þá er mikilvægt að boðið sé upp á námsleiðir sem nýta sérstöðu landsins.